

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VI

MARK WATSON

OG

GLAUMBÆR

Anna S. Snorradóttir





MARK WATSON OG GLAUMBÆR

© Byggðasafn Skagfirðinga / Anna S. Snorradóttir

1. útgáfa Reykjavík 1989

Rafræn útgáfa 2006 í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Marks Watson.

Translation: Deborah Robinson

Efni smáritsins má ekki nota án leyfis.

This booklet may not be reproduced in any form or by any means, as a part or as a whole, without the written permission of the author.

Formáli

Árið 1989 gaf Anna S. Snorradóttir Byggðasafni Skagfirðinga kver um Mark Watson, velunnara safnsins um langt árabíl. Í ár (2006) eru 100 ár liðin frá fæðingu þessa mikla Íslandsvinar og velgjörðamanns Skagfirðinga, en hann gaf tvö hundruð sterlingspund árið 1938 til að hægt væri að gera við gamla bæinn í Glaumbæ og bjarga honum. Framlag hans gaf byr í segl þeirra sem höfðu hug á að setja á fót minjasafn og tíu árum síðar, árið 1948, var Byggðasafn Skagfirðinga formlega stofnað, en það er elsta byggðasafn landsins. Anna gaf safninu, góðfúslega, leyfi til að endurútgefa kverið, sem við þökkum kærlega fyrir.

Safnstjóri

Efnisyfirlit

Mark Watson og Glaumbær	4
Sannur dýravinur	5
Hver var Mark Watson?	6
Sjá Skógafoss og deyja.....	7
Fyrsta Íslandsferðin	8
Afburða ljósmyndari	9
Ferðalög og frekari kynni.....	10
Sumarið 1938	11
Í heimsókn hjá skólasystur	12
Glaumbær	13
Peningagjöf.....	14
Við förumst á mis	15
<i>A few comments by the author</i>	<i>19</i>
<i>Foreword</i>	<i>20</i>
<i>Mark Watson and Glaumbær</i>	<i>21</i>
<i>A true animal lover.....</i>	<i>22</i>
<i>Who was Mark Watson?.....</i>	<i>23</i>
<i>To see Skógafoss</i>	<i>24</i>
<i>First trip to Iceland</i>	<i>25</i>
<i>An excellent photographer</i>	<i>26</i>
<i>Return for a better acquaintance</i>	<i>26</i>
<i>Summer 1938.....</i>	<i>28</i>
<i>Visiting a school mate</i>	<i>29</i>
<i>At Glaumbær</i>	<i>30</i>
<i>Donation.....</i>	<i>31</i>
<i>Our paths did not cross again</i>	<i>31</i>

Mark Watson og Glaumbær

Á nýliðnu sumri (1988) voru liðin 50 ár frá því að tveir útlendingar fóru í ferð frá Akureyri til Skagafjarðar en höfundur, sem þá var unglingur, átti að heita leiðsögumaður. Í fásinninu á árunum fyrir heimsstyrjöldina síðari var slík ferð stórviðburður í lífi ungrar stúlku og minningin er enn í dag ljóslifandi, þótt ótrúlegt megi virðast.

Maður sá sem hér verður ögn fjallað um var enskur aðalsmaður, Mark Watson að nafni. Vafalaust eru margir sem muna hann og minnst sem óvenju mikils Íslandsvinar og höfðingja í okkar garð, þótt ýmislegt hafi skolast til í frásögnum um manninn.

Höfðingsskap sinn sýndi Mark Watson á margvíslegan hátt m.a. með því að gefa þjóðinni fyrsta dýraspítala landsins með öllum búnaði. Spítalinn er í Víðidal skammt frá höfuðborginni og ber nafn gefandans. Þjóðminjasafni okkar gaf hann m.a. á annað hundrað vatnslitamynda eftir W.G. Collingwood, breskan málara, sem ferðaðist um landið í lok síðustu aldar. Ekki má gleyma að nefna hið stórmerka bókasafn, sem hann arfleiddi Landsbókasafn að, en hann hafði um langan aldur safnað bókum um Ísland og Færeyjar, auglýst víða um heim eftir sjaldgæfum bókum og ekkert til sparað. Oftsinnis sat ég í bókaherbergi hans í Lundúnum þar sem hann sýndi mér fágætar bækur um land okkar og þjóð. Safnið, sem Landsbókasafn fékk að honum látnum, er á fimmtánda hundrað binda eða alls 1310 verk og er þar m.a. að finna heildarútgáfu verka Williams Morris, 24 bindi, sem kom út á árunum 1910 - 1915. Áhugi Marks Watson á bókum um Ísland og íslensk málefni var ótrúlega mikill, og safnaði hann

bókum rituðum á mörgum erlendum tungumálum frá ýmsum skeiðum sögunnar, en elsta bókin í safninu er frá árinu 1558 og prentuð í Feneyjum.

Sannur dýravinur

Mark Watson var mikill dýravinur og til marks um það er að sjálfsögðu dýraspítalinn fyrrnefndi. Þá má nefna, að hann kynnti sér náíð íslenska hundastofninn og skrifaði bók um það efni. Bókin heitir á ensku „THE ICELAND DOG 874-1956“ og undirtitill: „A Research on the Iceland Dog“ og kom út árið 1956, en þá var höfundurinn búsettur í Nicasio í Kaliforníu. Einnig samdi hann bókina „HUNDURINN MINN“ um meðferð og uppeldi hunda, sem gefin var út hér á landi í þýðingu Halldórs Þorsteinssonar.

Höfundur þessarar greinar á systur búsetta við San Francisco flóann, ekki langt frá Nicasio, og hefur hún sagt frá heimsóknnum á búgarðinn til Marks Watson. Auk hundanna hafði hann þar um skeið líka íslenska hesta, sem fluttir höfðu verið héðan, alla leið til Kaliforníu. Hundarnir voru valdir frá afskekktum stöðum t.d. austan af Breiðdal og Jökuldal og hétu allir íslenskum nöfnum. Sama var að segja um hvolpana, sem fæddust í Kaliforníu, þeim voru ævinlega gefin íslensk nöfn. Gunnhildur systir mín var þá stundum fengin til þess að aðstoða við nafnaval. Hvorki fyrr né síðar sagðist hún hafa séð jafn vel búið að nokkrum dýrum eins og á búgarðinum hjá Mark Watson. Áhugi hans á íslenska hundinum hélst ævilangt og enginn vafi er á því að varðveisla íslenska hundastofnsins er að miklu leyti honum að þakka.

Margt fleira mætti nefna um áhuga þessa mæta manns á Íslandi, um gjafir hans bæði til stofnana og einstaklinga, og verður sá listi seint tæmdur.

Hver var Mark Watson?

Fullu nafni hét hann Richard Mark Watson og var fæddur í júlí 1906. Hann lést á heimili sínu í London í mars 1979. Hann var sonur Joseps Watson, síðar Mantons lávarðar, sem fæddur var 1873 en varð ekki langlífur, dó árið 1922. Eiginkona Mantons lávarðar var Francis Claire, fædd Nickols og lifði hún mann sinn. Hún lést á styrjaldarárunum (1944). Þessi hjón eignuðust fjóra syni og var Richard Mark yngstur bræðranna, sem allir létust á undan honum. Þeir eiga afkomendur í Bretlandi, en Mark Watson kvæntist ekki og eignaðist ekki börn. Fjölskyldan var auðug, átti búgarð í Skotlandi, sumarbústað í Austurríki og bjó glæsilega í Lundúnum. Þetta er í stórum dráttum það sem höfundur kann að segja frá fjölskyldu þessa góða vinar. Þótt kynnin væru orðin löng, eða rúmir fjórir áratugir, var aldrei rætt um einkamál hans. Hann var fámáll um sjálfan sig og fjölskyldu sína, eins og algengt er meðal Breta úr yfirstétt. Mark Watson var vel menntaður og hafði að langmestu leyti haft einkakennara, þá bestu sem fáanlegir voru. Hann talaði reiprennandi frönsku og allgóða þýsku. Fyrir heimsstyrjöldina síðari var hann í utanríkisþjónustu lands síns áður en hann fór til Parísar til starfa í breska sendiráðinu, þá 24 ára gamall. Hann ferðaðist víða um heim og hafði mikinn áhuga á listviðburðum af margvíslegu tagi. Oft fór hann til höfuðborga meginlandsins til þess að sjá og heyra það helsta sem var að gerast á sviði lista. Á hverjum vetri fór hann til Sviss til að stunda þar skíðaþróttina, sem hann hafði mikla ánægju af.

Fyrir styrjöldina 1939-1945 átti hann forn-gripaverslun í New York og löngu síðar, eftir að hann var aftur fluttur heim til Bretlands, - en hann var búsettur í Kaliforníu á sjötta áratugnum, - rak hann verslun um skeið í South Kensington í Lundúnum og seldi einvörðungu forna muni, sem hann keypti í Bretlandi. Höfundur var í Lundúnum þegar sú verslun var að komast á laggirnar og þótti mikið til um hve allt var þar gert af miklum og góðum smekk og nostursemi. En smekkvísi og nákvæmni á öllum sviðum var mjög einkennandi fyrir þennan mann. Hann var t.a.m. svo stundvís að þeir sem ekki þekktu hann lentu stundum í vandræðum. Hjá honum var klukkan tvö, nákvæmlega sá tími en hvorki fimm né fleiri mínútum meira eða minna. Ýmsum þótti þetta ganga full langt, en þannig var maðurinn, og miðnætursól vildi hann sjá klukkan tólf á miðnætti en alls ekki tíu eða tuttugu mínútum fyrr!

Mark Watson var hár maður og grannur með jarpt hár á yngri árum. Hann var skemmtilegur, víðlesinn og hámenntaður, en sumum þótti hann nokkuð sérvitur, og víst er um það að hann var ólíkur flestum mönnum sem ég hef kynnst um ævina, en sérvisku hans kunní ég ágætlega við.

Sjá Skógafoss og deyja

Eitt sinn kom hann hér með háaldraðan vin sinn frá Bretlandi. Daginn eftir komuna ók hann með gamla manninn í leigubíl austur að Skógafossi og sendi síðan gest sinn heim til Englands með næstu flugvél. Þegar við höfðum orð á því að dvölin hefði verið í styttra lagi hjá blessuðum gamla mannum svaraði

Mark: „Ég gat ekki hugsað mér að hann dæi án þess að sjá Skógafoss.“

Þessa merka manns hefir verið minnst í nokkrum tímaritum og bókum m.a. „Á SÖGUSLÓÐUM“, sem Menningarsjóður gaf út árið 1969, en þar ritaði Haraldur Hannesson um W.G. Collingwood og segir þar nokkuð frá Mark Watson. Í þessari umfjöllun segir Haraldur svo frá að í skýrslu Þjóðminjasafns það ár hafi verið talað um málverkagjöf hans til safnsins sem einhverja hina mestu sem safnið hefði nokkru sinni fengið.

Fyrsta Íslandsferðin

Mark Watson kom hingað til lands fyrst sumarið 1937. Í fylgd með honum voru þrír auðmenn, einn þýskur, annar austurískur og sá þriðji sænskur. Í sumum frásögnum um hann og ferðir hans hingað fyrir stríð hefur verið talað um „Englendingana“ m.a. í tímaritinu „SÚLUR“, en þar er margt mishermt. Hið rétta er að aðeins einn Englendingur var í ferðum hans 1937 og 1938 og það var hann sjálfur. Hásumardag 1937 komu þessir ferðalangar norður til Akureyrar og þar hófst mikill undirbúningur fyrir þriggja vikna ferðalag á hestum um Þingeyjarsýslur.

Haukur Snorrason ritstjóri, sem var afburða enskumaður, réðist sem túlkur og fylgdarmaður í þessa ferð og varð upp frá því náinn vinur og aðstoðarmaður Marks Watson meðan hann lifði, eða til vors 1958. Í bréfi sem Mark skrifaði mér að Hauki látnum segir á einum stað: „For me Iceland will never be the same without Haukur“ (Fyrir mér verður Ísland aldrei það sem það var, án Hauks). Vel man ég sumardaginn þegar Haukur bróðir minn kom heim

með þennan hávaxna útlending, en við vorum þá bæði enn í foreldrahúsum á Akureyri, og móðir okkar bar gestinum kaffi og pönnukökur. Síðar í lífinu minntist Mark þessa dags og sagðist aldrei gleyma fyrstu kynnum sínum af íslensku pönnukökunum.

Gaman hefði verið að eiga á kvikmynd, þótt ekki hefði verið nema upphaf ferðarinnar, þegar tuttugu trússahestar, hestamenn og fimm glæsilegir og vel ríðandi menn lögðu af stað upp Vaðlaheiði. Það var mikil lest og ógleymanlegt á að horfa.

Afburða ljósmyndari

Þetta sumar hafði Mark Watson meðferðis geysigóðar myndavélar og tók mikið af ljósmyndum víða um land. Það voru ekki aðeins þessi góðu tæki sem skiluðu árangri, heldur var maðurinn sjálfur frábær ljósmyndari og hafði næmt auga og listrænt innsæi til þess að taka óvenju góðar myndir. Hann tók einnig kvikmyndir í þessari fyrstu ferð, en svo illa tókst til að þessar filmur glötuðust hjá landa okkar sem fékk þær að láni og skilaði aldrei aftur, en Mark gerði ítrekaðar tilraunir til þess að hafa upp á þeim, án árangurs. Hann lagði að mestu niður ljósmyndun og ekki er mér kunnugt um að hann tæki ljósmyndir á Íslandi að neinu ráði í öllum sínum mörgu ferðum til landsins, nema þetta eina sumar, þótt svo kunni að hafa verið þau ár sem ég var búsett erlendis (1952-1958).

Eftir heimkomuna hélt hann sýningu í London á úrvali mynda úr þessari fyrstu Íslandsferð og voru Ingiríður þáverandi krónprinsessa Danmerkur og Friðrik þáverandi Danaprins, síðar konungshjón Danmerkur, við opnun sýningarinnar. Hauki, túlki

sínum, sendi hann úrval stækkaðra ljósmynda í tveim forkunnar fallega gerðum bókum og hafði Haukur þær með vestur til New York á Heimssýninguna 1939 þar sem hann starfaði rúmt ár, og voru þær til sýnis í Íslandsdeildinni, og þar voru kvikmyndir Marks einnig sýndar.

Það var alltaf tilhlökkunarefni að ferðast með Mark um landið sem hann dáði mjög. Ísland átti sérstakan sess í hjarta hans og við brostum stundum þegar hann hélt því fram að allt væri best á Íslandi.

Ferðalög og frekari kynni

Sumarið 1938 kom hann hér öðru sinni, en þá er aðeins einn gestur með í för, Bo Nisbeth, sænski félaginn frá fyrra sumri. Þetta sumar kynntist ég Mark Watson betur og frá þeim kynnum spratt vinátta sem entist ævilangt, þótt stundum væri vík milli vina. Hann heimsótti okkur hjónin þegar við vorum búsett í Kaupmannahöfn og margoft vorum við gestir hans í Lundúnum, bæði í borginni og í sveitinni þar sem hann átti yndislegan bústað, og á Íslandi ferðuðumst við með honum ótal sinnum og fórum margar skoðunarferðir víða um land.

Þegar 100 ár voru liðin frá því að William Morris ferðaðist hér á landi fórum við, í boði Marks, í fótspor hans. Var þá ekið víða um Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali. Önnur ógleymanleg ferð var í Herðubreiðarlindir og Öskju, en þessi enski aðalsmaður var aldrei hrifnari en þegar við vorum komin í óbyggðir eða inn í einhvern afdal þar sem fjallakýrrðin ein ríkti. Í ferðalagi um Austurland heimsótti hann sveitabæi, sem hundar hans voru ættaðir frá, og margar skoðunarferðir voru farnar og

gist á Hallormsstað, en þar kunni hann alltaf mjög vel við sig. Hvergi sagðist hann hafa fengið betri sveskjugraut en þar!

Sumarið 1938 voru farnar margar skoðunarferðir frá Akureyri m.a. flugferð til Grímseyjar, sem sagt var frá í útvarpi þegar 40 ár voru liðin frá þeim atburði, sem var sögulegur sökum þess að það var í fyrsta sinn að flugvél lenti við Grímsey. Flugstjóri í þeirri ferð var Agnar Kofoed - Hansen.

En aðal ferðalagið þetta sumar var, eins og sumarið 1937, nokkurra vikna ferð á hestum. Að þessu sinni var farið austur um sveitir og alla leið austur fyrir Vatnajökul, til Hornafjarðar og þaðan að Kirkjubæjarklaustri. Í þeirri för var Örn Snorrason kennari á Akureyri túlkur, og kunni hann margar skemmtilegar sögur að segja, þegar heim kom. En minningin um eina af þessum stuttu skoðunarferðum sumarið 1938 og sú staðreynd, að fimmtíu ár eru liðin síðan, er í raun ástæða þess að spjall þetta er sett á blöð, enda varð eftirmálinn all merkilegur, sem síðar verður vikið að.

Sumarið 1938

Ferðin til Íslands sumarið 1937 varð til þess að Mark Watson tók slíku ástfóstri við landið, að hann beið ekki boðanna og er kominn til Akureyrar hásumardag árið eftir ásamt Bo Nisbeth, eins og fyrr var nefnt. Haukur Snorrason var enn sem fyrr túlkur og umsjónarmaður með öllum ferðum og annarri þjónustu. Sjálfur átti hann óvenju annríkt þetta sumar og gat ekki tekið þátt í skoðunarferðum að ráði en fékk aðra til að hlaupa í skarðið. Dag nokkurn í blíðskaparveðri kom Haukur að máli við mig með beiðni um að fara

til Skagafjarðar með þeim félögum og reyna að segja frá því markverðasta á leiðinni. Hrædd er ég um að leiðsögumaður hefði fallið á prófi stéttarinnar í dag, en þótt fákunnátta væri mikil gekk þetta vonum framar. Við ókum upp úr hádegi frá Akureyri og hafði Kristján Kristjánsson á B.S.A. leigt okkur sinn besta bíl og eftirlætisbílstjóra. Þetta var sólbjartur dagur, hlýr og fallegur. Ekki bar neitt sérstakt til tíðinda á leiðinni, en að sjálfsögðu var staldrað við á Víðimýri og kirkjan skoðuð. Það leyndi sér ekki að Mark Watson var yfir sig hrifinn af gömlu kirkjunni, sem hann hafði þó séð árið áður. Síðla dags komum við til Sauðárkróks og gistum á Hótel Tindastóli.

Kvöldið á Sauðárkróki var undurfagurt og þessir erlendu gestir nutu þess að ganga meðfram sjónum og horfa á Skagafjörðinn baðaðan kvöldsól. Þá bættust nokkur orð í enskuförða fylgdarmanns, lýsingarorð, flest öll til að dásama fegurð náttúrunnar.

Í heimsókn hjá skólasystur

Á Sauðárkróki átti ég skólasystur úr M.A., Sigurbjörgu Guðmundsdóttur og var ákveðin í að líta til hennar áður en við færum að sofa og sagði þeim félögum frá því. Hafði ég í huga að fá fréttir hjá heimafólki, hvort ekki væri einhver staður í grenndinni sem gaman væri að sýna þessum erlendu gestum á leið heim til Akureyrar næsta dag.

Mér var fjarska vel tekið á heimili Sigurbjargar, og er ég spurði föður hennar hvort hann gæti bent mér á einhvern sérkennilegan eða áhugaverðan stað til að sýna þessum mönnum og sagði honum að Mark Watson hefði mikinn áhuga á fornminjum hvers

konar, svaraði hann að bragði: „Blessuð góða, farðu með hann í Glaumbæ“.

Maður þessi var Guðmundur Sveinsson, fulltrúi hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, þegar þetta var. Ég er honum þakklát enn í dag fyrir ábendinguna, en aldrei datt mér í hug að þessi stutta heimsókn ætti eftir að hafa jafn afdrifarík áhrif og raun varð á. Guðmundur lýsti fyrir mér hvar fara ætti út af veginum til þess að komast niður að Glaumbæ, og ég kvaddi glöð og hlakkaði til morgundagsins.

Næsta morgun komst ég í kynni við hafragraut, þykkari og meiri um sig en ég hafði áður kynnst! Síðar í lífinu áttum við Mark vinur minn oft eftir að brosa þegar þetta var rifjað upp. Þegar ég var búin með mjólkina allt í kringum grautarfjallið, og þeir félagar höfðu lokið snæðingi og fararstjóri sat enn með skelfingarsvip yfir diskum sínum, segir Mark: „Eat your porridge“ (Borðaðu grautinn þinn). Þá varð ég að játa að mér væri það um megn. „Skipaði ég þér að éta grautinn?“ spurði hann eitt sinn, og við hlógum dátt að þessu, en ég skammaðist mín alltaf svolítið fyrir að hafa verið svo vandlát á grautinn.

Glaumbær

Það sem gerðist næsta dag líður mér seint úr minni. Ég hafði sagt bílstjóranum okkar að beygja út af Þjóðveginum þegar við kæmum á móts við Glaumbæ, án þess að hafa til þess nokkra heimild eða segja frá því, hvað til stóð. „Hver hefur beðið um að hér sé beygt út af Þjóðveginum“? spurði Mark, þegar bílstjórinn okkar breytti um stefnu. Þá greip leiðsögu- maður til einnar af fáum setningum, sem tiltækar voru: „Just wait and see“ (Bíðið bara og sjáið), og

vonaði að það dygði. En ekki var gesturinn ánægður með þetta tiltæki og kvaðst hafa ætlast til að farið væri beinustu leið til Akureyrar.

Við sátum hljóð fáeinar mínútur, en svo var ekið í hlað á Glaumbæ. Þarna stóð þessi merki burstabær, fallegur í sumarsólinni og virðulegur, þrátt fyrir fátæklegt útlit og töluverða hrörnun. En grasið á þökunum var grænt og samhliða stafnar blöstu við augum. Er skemmst frá að segja að þarna urðu kærleikar við fyrstu sýn. Mark Watson hvarf inn í bæinn, kom að vörmu spori aftur út til okkar og sagði óðamála, að við skyldum halda ferðinni áfram til Akureyrar, því að hann ætlaði að dvelja hér það sem eftir væri dags og reyna að fá gistingu næstu nótt. Að svo mæltu hvarf hann aftur inn í bæinn. Bo Nisbeth sem þekkti hann betur en ég tók mig afsíðis og sagði að við skyldum fara í gönguferð, hann myndi jafna sig. Og það gekk eftir. Þegar við komum aftur úr langri göngu, stóð vinur okkar á hlaðinu, fáorður en tilbúinn til að halda förinni áfram til Akureyrar.

Peningagjöf

Sagan gæti endað hér, en það sem á eftir fylgdi er þó kjarninn. Mark Watson vildi kaupa Glaumbæ og hafði áform um að endurreisa hann í upprunalegri mynd og gera að safni. Þetta sagði hann mér löngu síðar. Þegar til átti að taka var bærinn ekki falur. Næst gerist það að þegar hann er kominn heim til Bretlands síðsumars, ákveður hann að senda tvö hundruð sterlingspund til Íslands, svo að hefja megi viðgerðir á Glaumbæ. Þetta var mikið fé árið 1938, og ég held, að ekki verði um það deilt, að gjöfin frá Mark Watson skipti sköpum, hvað varðar örlög gamla bæjarins, sem nú er meðal fallegustu

minjasafna landsins. Hann ætlaði að koma sumarið eftir og fylgjast með framkvæmdum, en þá voru styrjaldarblikur á lofti og ekki varð úr þeirri ferð.

Það gladdi hann til æviloka að fylgjast með því, hvernig mál þróuðust í Glaumbæ. Hann kom þar nokkrum sinnum og hafði orð á hve vel hefði tekist til.

Við fórumst á mis

Á útmánuðum 1979 var greinarhöfundur nokkra daga í París að heimsækja tvö uppkomin börn við nám. Ákveðið hafði verið að fara heim um London og höfðum við Mark skrifast á um að hittast, en hann var þá önnur kafinn við að hafa upp á gömlum myndum frá Íslandi í ýmsum söfnum í Lundúnum. Vegna yfirvofandi verkfalls heima á Fróni varð breyting á áætlun óumflýjanleg og flaug ég til Lúxemborgar og þaðan heim.

Fáum dögum síðar barst fréttin um lát hans. Hann hafði látist í svefni. Þetta voru mikil sorgartíðindi og það hryggði mig lengi að hafa ekki getað hitt hann í London eins og um hafði verið samið. En hér varð engu breytt. Horfinn var mikill Íslandsvinur, merkur maður og góður fjölskylduvinur í fjóra áratugi, maður sem endalaust hafði tilbúna handa okkur aðgöngumiða á bestu tónleika og leikhús, fylgdi okkur um konungleg söfn og veitti rausnarlega, hvort heldur var í borginni eða sveitinni. Nú var hann skyndilega horfinn og ekki væntanlegur til Íslands framár. Minningarnar einar eftir.

Kannski var það engin tilviljun, að morguninn, sem komið var að honum látnum á heimili hans í Eaton

Place í Lundúnum, sat greinarhöfundur inni í hinu mikla guðshúsi, Notre Dame í París, og lét hugann reika, án þess að eiga þar nokkurt augljóst erindi.

Texti þessa litla bæklinga birtist í Lesbók Morgunblaðsins á jólum 1988 og var skrifaður síðsumars það ár, en þá voru liðin rösk tíu ár frá láti hins mikla Íslandsvinar Marks Watson. Engum erlendum manni hef ég kynnst, sem unni landi okkar og þjóð á jafn fölskvalausan hátt og hann.

Eins og frá greinir á þessum blöðum sýndi hann hug sinn til þjóðarinnar og örlæti á margvíslegan hátt.

Landsmenn sýndu honum þann sóma, að gera hann heiðursfélaga í Hinu íslenska fornleifafélagi og sæma hann stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu með stjórn. Eflaust hefur hann kunnað að meta þetta, en fátt tel ég hafi verið honum dýrmætara í lifanda lífi en að kynnast landinu okkar. Ekki hefi ég tölu á hinum fjölmörgu ferðum hans hingað til lands, en þær hófust árið 1937 og stóðu þar til skömmu áður en hann lést. Að styrjaldarárunum undanskildum og síðustu áratugi kom hann nær árlega. Hann þráði að sjá landið í vetrarham og upplifa stórhrið, og hann gerði tilraun til þess, en það var segin saga, að sólin skein ævinlega þegar hann kom. „Ég fæ alltaf gott veður, þegar ég kem til Íslands, sama hvaða árstími er“, sagði hann eitt sinn, er hann var hér að vetrarlagi, og bætti við: „Eins og mig hefir lengi langað til að upplifa íslenska stórhrið“.

**MARK WATSON
AND
GLAUMBÆR**

by Anna S. Snorradóttir

ENGLISH TRANSLATION

A few comments by the author

My text was originally written as an article for a newspaper. It was subsequently made into a small booklet (in 1989), which I gave to Glaumbær in memory of a dear friend. I had never thought it would be translated into another language. When reading the translation, I used the opportunity to change a few things in my text and make some modifications. I have for instance corrected the name of Mark Watson's mother, Lady Frances, which was not right in the first edition but is here corrected.

Foreword

Skagafjörður Folk Museum is glad to have the opportunity to introduce this great admirer of Iceland to you. The author, Anna S. Snorradóttir, gave her kind permission to have her text submitted for translation and we greatly thank her. We hope that you enjoy reading this booklet and thank you for visiting us.

Mark Watson and Glaumbær

This past summer (1988) celebrates some 50 years since two foreigners went on a trip from Akureyri to Sauðárkrókur with the writer, who was then a teenager and substitute “tour-guide”. In the monotony of the prewar days such a trip was a big event in the life of a young girl, so much so that the memories are still very fresh despite the many years gone by.

The man who is the subject of this text was an English nobleman by the name of Mark Watson. Without doubt many people remember him and regard him as a great friend and benefactor of Iceland, although a few inaccuracies have crept into some articles about him. Mark Watson showed his generosity in many ways - for example in giving the Icelandic nation its first fully equipped veterinary hospital. The hospital is in Víðidalur close to Reykjavík and bears his name. He also gave the National Museum of Iceland more than a hundred watercolours by W.G. Collingwood, a British painter who travelled in the country late in the 19th century; in addition, he gave to the Museum many other works of art. One should not forget to mention the extraordinary collection of books, which he bequeathed to the National Library of Iceland. He had for a long time collected rare books about Iceland and the Faeroe Islands and even went to such lengths as advertising around the world for rare books on the subject without regarding the cost. The collection, which the National Library received after his death, adds up to almost 1500 volumes or all in all 1310 works, among which are the total works

of William Morris, 24 volumes published from 1910 - 1915. Mark Watson's interest in books about Iceland and Icelandic affairs was very great and he collected books written in many languages and from various periods in history. The oldest book in the collection is from 1558 and was printed in Venice.

A true animal lover

Mark Watson's gift of the veterinary hospital exemplified what a true animal lover he was. He studied the Icelandic Dog and subsequently wrote a book called "THE ICELAND DOG 974-1956 - A Research on the Iceland Dog" which was published in 1956 while he was living in Nicasio, California, USA. He compiled another book about the training and raising of dogs, which was published in Iceland and translated by Halldór Þorsteinsson under the title "HUNDURINN MINN" (MY DOG).

The author of this booklet has a sister who lives near San Francisco not very far from Nicasio, and she has related stories from her visits to Mark Watson's ranch. Apart from the Icelandic dogs, he also had some Icelandic horses there, for some time, which were exported from Iceland all the way to California. The dogs were selected from remote places, such as Breiðdalur and Jökuldalur in the eastern part of Iceland. All the dogs had Icelandic names. The puppies, which were consequently born in the United States, were also given Icelandic names. My sister, Gunnhildur, was sometimes asked to assist in choosing names. She told me she had never in her life seen such good care taken of animals as at Mark Watson's ranch. His keen interest in the

Iceland Dog was lifelong, and one might even say that the preservation of this particular breed was due in many ways to his help and interventions. Much more could be said about this man's interest in Iceland, about his gifts to individuals and institutions, but that list would take a long time to complete.

Who was Mark Watson?

His full name was Richard Mark Watson, and he was born in July 1906 and died in his home in London in March 1979. He was the son of Joseph Watson (1873-1922, later Lord Manton), and Frances Claire, maiden name Nickols. Lady Manton outlived her husband and died in 1944. They had four sons. Mark was the youngest and survived his brothers. The elder brothers have descendants in Britain, but Mark never married and did not have any children. The family was wealthy, had an estate in Scotland, a summer residence in Austria and a permanent address in London. This is a short summary of what the author knows about the family of this good friend. Although our acquaintance extended over a long period of time, some 40 years, personal matters were never discussed, which is common among the British aristocracy. Mark Watson was well educated mostly by the best of private teachers in Britain. He spoke fluent French and good German. In his thirties he joined the Diplomatic Corps before he went to Paris at the age of 24 to work in the British Embassy. He travelled all over the world and had a great interest in art. He often visited the capital cities of Europe to see and hear for himself what was taking place in the world of art. He would go regularly to Switzerland in the winter to ski and enjoyed it a great deal.

Before World War II, he owned an antique shop in New York and years later, having lived in California in the fifties and having returned to Britain, he ran a shop for a while in South Kensington in London, selling exclusively antique articles which he had bought around Britain. The author was in London when the finishing touches were being added to the shop and was impressed by the good taste and infinite care taken in every small detail. But good taste, neatness and accuracy in all aspects were typical for this man. For example, he was so punctual that those who did not know him often got into trouble. In his reckoning, two o'clock meant on the dot of two, not a few minutes before or after. Some people thought this punctuality a bit trying, but that is how he was; he wanted to see the midnight sun at twelve midnight, not ten or twenty minutes before! Mark Watson was a tall, slender man with brown hair in his younger years. He was an entertaining, widely read and a cultivated man. Some thought him a bit eccentric, he was unlike most people I have met in my life, but his eccentricity suited me perfectly.

To see Skógafoss

Once Mark Watson came to Iceland with an elderly friend of his from Britain. The day after they arrived, he hired a car and drove east to see the waterfall Skógafoss, and then sent his guest back to England on the next aeroplane. When we mentioned that his old friend's visit to Iceland had been rather on the short side, Mark answered: "I could not bear to think of him dying without having seen Skógafoss".

First trip to Iceland

Mark Watson came to Iceland for the first time in the summer of 1937, travelling with three other wealthy gentlemen, one German, another from Austria and the third a Swede. Sources about him and his travels to Iceland before the war mention the “Englishmen”, for instance the “Súlur” magazine - which is quite inaccurate. The fact is that there was only one Englishman on his travels in 1937 and 1938 and that was Mark himself. On a summer day in 1937, these travellers came north to Akureyri, where preparations began for a three weeks journey on horseback around Þingeyjarsýslur.

Haukur Snorrason, editor, who had an excellent command of the English language became translator and guide on this trip and was from then on a close friend and assistant of Mark Watson's until he died in 1958. In a letter, which Mark wrote to me after Haukur had died, he says: “For me Iceland will never be the same without Haukur.” I recall very well the summer day when Haukur came home with this tall foreigner. We were both still living with our parents in Akureyri, and my mother served the guest coffee and pancakes filled with jam and whipped cream. Later in life Mark frequently mentioned this incident and his first taste of Icelandic pancakes. It would have been fun to have had a movie camera to film the train of five elegant riders, 20 packhorses and their assistants, moving slowly up Vaðlaheiði. The trail was long and the memory of this sight is unforgettable.

An excellent photographer

Mark Watson brought with him that summer an array of top quality photographic equipment, and took many photographs in the country. It was not only the superb equipment which produced the best results, but the fact that the man himself was a brilliant photographer and had a good eye and an artistic insight to take unusually good pictures. He also had a movie camera on this first trip, but unfortunately the films were lost here in Iceland. He had lent them to a man who never returned them. Mark tried on many occasions to locate their whereabouts, but in vain. As far as I know he gave up photographing in Iceland on his many trips, except for the first journey, although he might have taken some pictures during the years I was living abroad (1952-1958).

When he returned to London, he held an exhibition of his best photographs from the first journey to Iceland. The former crown princess of Denmark, Ingrid and crown prince Frederik, later queen and king of Denmark, were his guests at the official opening. He sent Haukur, his translator, a selection of enlargements of the best photographs in the form of two exceedingly beautiful books. Haukur took these with him when he went to New York where he worked for over a year at the World Exhibition in 1939; Mr. Watson's books were on show in the Icelandic section, as well as some of his films.

Return for a better acquaintance

He came again in the summer of 1938, and then only with Bo Nisbeth, his Swedish friend from the previous summer. I got to know Mark Watson better that summer, and from then on our friendship grew and

lasted all his life, although we were sometimes oceans apart. He visited me and my husband when we lived in Copenhagen, and we were often his guests in London, both in the city and in the country where he had a lovely house, or “a cottage” as he would call it. We also travelled together in Iceland several times and went on sightseeing trips with him to many places in the country.

To travel with Mark in Iceland, which he adored so much, was always something to look forward to. Iceland had a special place in his heart, and we often had to smile when he maintained that everything was best in Iceland. To observe the centennial of William Morris’ travels in Iceland, we were invited by Mark to retrace Morris’ footsteps. We then drove to many places in Borgarfjörður, Snæfellsnes and Dalasýsla. Another unforgettable trip was to Herðubreiðarlindir and to Askja. This English nobleman was never more pleased, than to be in some remote valley, where the stillness in the mountains was undisturbed. When he was travelling around the Eastern Fjords, he visited the farms from where his dogs were descended. Many other sightseeing trips were taken with overnight stops at Hallormsstaður, which he liked very much. He claimed that he had never been served better stewed prunes than there!

In the summer of 1938 many short trips from Akureyri were made, and one of them was by plane to the island of Grímsey. The author was a guest on that exciting flight and, 40 years later, recalled it in a program she put together for the Icelandic State Radio. This flight was a historic event, as an aeroplane had never before landed on the ocean close to the island. The pilot on this flight was Agnar

Kofoed-Hansen (later to become the Director of Civil Aviation in Iceland).

But the main trip this summer was, as the previous summer, a few weeks ride on horseback. This time the riders went east over the mountains to Hornafjörður and then to Kirkjubæjarklaustur. Örn Snorrason, a teacher in Akureyri, was the translator and guide on this trip and told many amusing stories on his return. But the memory of one of these short sightseeing tours during the summer of 1938, which had far-reaching consequences, is the real reason for this article.

Summer 1938

Mark Watson's trip to Iceland in 1937 completely hooked him and enticed him to return the following year. He arrived on a midsummer's day in Akureyri with Bo Nisbeth, as mentioned before. Haukur Snorrason was again their translator and organiser. As he was particularly busy this summer and could not manage to go on all the tours, he arranged for other people to fill in for him. One day he asked me to go to Skagafjörður with the two foreigners and to try to tell them about the most important places and sites on the way. I am afraid that the "guide" would have failed the exams stipulated for guides today, and although there was quite a lack of knowledge, the trip turned out better than I expected. We set off around midday from Akureyri, having hired the best car from Kristján Kristjánsson of B.S.A. with an excellent driver.

The sun was bright and the day was warm and beautiful. Nothing exceptional happened on the way.

Of course we stopped at Víðimýri to have a look at the old turf church. It was obvious that Mark Watson was absolutely enchanted by the old church, which he had seen the previous year. Late in the afternoon we arrived at Sauðárkrókur and checked in at Hótel Tindastóll.

Visiting a school mate

The writer had a friend from Menntaskólinn á Akureyri (The Grammar School in Akureyri) who lived in Sauðárkrókur named Sigurbjörg Guðmundsdóttir, and had decided to pop in and see her before going to bed. The purpose of this visit was to try to find out from the local people what might interest my guests the following day.

Sigurbjörg's family welcomed me and her father was asked if he could suggest a place to show my foreign visitors. I told him that Mark Watson had a great interest in all kinds of antiquities. He immediately replied: "My dear girl, take him to Glaumbær." His name was Guðmundur Sveinsson, a manager at Kaupfélag Skagfirðinga (the local co-operative society). I am still grateful to him for this suggestion, but I never thought that the consequences of this short visit would be so great. Guðmundur explained to me where we had to turn off the road to get to Glaumbær. I took my leave, looking forward to the coming day.

The next morning I was confronted with porridge, the thickest I had ever seen. Many times later in life we had a good laugh about it when the subject was brought up. When the two gentlemen had finished their breakfast, and the "guide" was still sitting staring in horror at her dish, Mark said: "Eat

your porridge!” It was then that I had to admit my dilemma. “Did I really order you to eat your porridge?” he asked me once, and we laughed again, but I was always a bit ashamed for being so fussy.

At Glaumbær

What happened the following day I will never forget. The “guide” ordered the driver to turn off the main road when we came to the farm Glaumbær, without having any permission to do so or having told the foreign visitors what was about to happen. “Who has asked you to turn off the main road?” Mark enquired, when the driver had changed his course. The “guide” then grabbed at a few words, available in her English vocabulary and said: “Just wait and see,” hoping that it would be sufficient. The Englishman was not too happy with the reply and expressed his intention of travelling the shortest way back to Akureyri. We sat in silence for a few minutes until the car was parked in the driveway at Glaumbær. There it was, this remarkable traditional farmhouse in all its splendour in the sunshine, though the appearance had become poor and rather rickety. But the grass on the roofs was green and the many fronts, standing side by side appealed to the eye. To put it briefly, the English nobleman became absolutely enthralled.

He disappeared into the farmhouse and reappeared soon afterwards saying that we should continue our journey to Akureyri, as he intended to stay the rest of the day and try to find accommodation for the night. He then disappeared again into the farmhouse. Bo Nisbeth, who knew his friend better than the “guide”, took her aside and said we should go for a walk, and

Mark would come around again, which did, in fact, happen. When we returned from a long walk, our friend was standing silent in the driveway, but ready to continue the drive back to Akureyri.

Donation

My story could end here, but what follows is at the heart of the matter. Mark Watson wanted to buy Glaumbær and conceived the idea of renovating the farmhouse to its original state and turning it into a museum; this he told me many years later. When he made enquiries, the farm was not for sale. The next thing he did upon returning home to Britain late that summer, was to send 200 pounds Sterling to Iceland, in order to commence renovations on Glaumbær. This was a lot of money in 1938, and I think, that Mark Watson's gift determined the future of the old farmhouse, which is now one of the finest museums of its kind in Iceland. He intended to return the following summer to observe the renovations, but then World War II was imminent, and he did not come. It pleased him for the rest of his life to observe the progress of the restoration work at Glaumbær. After the war he visited it a few times and remarked how well it had turned out.

Our paths did not cross again

Early in the year of 1979, the author was in Paris for a few days visiting her two grown up children who were studying there. A decision had been made to travel home via London and meet Mark, who was busy tracing old pictures from Iceland in various museums in London. He was aiming at having these pictures published in a book. Due to a threatening

strike in Iceland, my itinerary was changed and I flew home via Luxembourg.

Some days later, the news of his death was announced. He had died in his sleep. This was tragic news, and what grieved me for a long time was that I did not manage to meet him in London, as we had arranged. But nothing could be done about it. Gone was as great admirer of Iceland, a remarkable man and a dear friend of my family for over forty years. He, who always was happy to book the best seats for us at concerts and theatres and who treated us like royalty whether in the city or in the country, was now suddenly gone. Only memories were left. Perhaps it was no coincidence, that the same morning he died in his home in London, the author was sitting in the great Cathedral of Notre Dame in Paris allowing her thoughts to wander, without having had any reason for going there.

The text of this booklet appeared in the “Lesbók” (a supplement of the newspaper Morgunblaðið in December 1988). By then ten years had passed from the death of this great friend of Iceland. I have never met a foreign person who loved our country with as much sincerity as Mark Watson did. He demonstrated his feelings and generosity in many ways. The nation reciprocated by making him an honorary member of the Archaeological Society and bestowed on him the Grand Knight’s Cross with Star. No doubt he appreciated this honour, but I know that he treasured more than most things just knowing our country. I do not know exactly how often he came to Iceland but the first trip was, in the summer of 1937. He continued visiting the country until a short while before his death, with the exception of the war years.

He wanted very badly to come during winter and to experience a snowstorm. He even made an attempt, but the sun always came out when he arrived. "I always get good weather when I come to Iceland" he once remarked, "and I have for a long time wanted so much to experience a blizzard in Iceland".